



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skipulags- og samgönguráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

### ***Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lýsingu við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Sæbrautar (US220025).***

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 26. janúar sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Sæbrautar við Kirkjusand eru birtuskilyrði fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur slæm sem kann að hafa leitt hafa til alvarlegra slysa. Í einu slysinu hjólaði ökumaður á rafskútu sem lá þvert á hjólastíginn og sást illa í myrkrinu. Stendur til að bæta öryggi hjólandi og gangandi á þessum slóðum með bættri lýsingu til að tryggja öryggi hjólandi og gangandi vegfarenda?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 2. febrúar sl.

Svar við fyrirspurn:

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar tekur undir að þörf sé á betri lýsingu fyrir stíga meðfram Sæbraut allri en ekki eingöngu við umræddan kafla í nágrenni Kringlumýrarbrautar. Verið er að kanna möguleika á því að vinna að bættri lýsingu á stígunum samhliða vinnu við sjóvarnargarð, sem fyrirhuguð er á næstu misserum. Sérstaka áherslu þarf að leggja á að bæta stígalýsinguna áður en götulýsingu á Sæbraut verður breytt í LED lýsingu.

Virðingarfyllt,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
*starfandi samgöngustjóri*